

Erindisbréf Náttúruverndarnefndar Þingeyinga

1. gr. Umboð

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga er skipuð í umboði Héraðsnefndar Þingeyinga bs. á grundvelli stofnsamnings byggðasamlagsins sem samþykktur hefur verið af öllum aðildarsveitarfélögum þess og hlotið staðfestingu ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

2. gr. Lagarammi

Náttúruverndarnefndin starfar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

3. gr. Hlutverk og verksvið

Náttúruverndarnefndin skal vera sveitarstjórnnum sem aðild eiga að Héraðsnefnd Þingeyinga bs. til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skal hún einnig stuðla að náttúruvernd á starfssvæði sínu, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar. Náttúruverndarnefndin skal leita aðstoðar og ráðgjafar Umhverfisstofnunar þegar ástæða er til og veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs. Gert er ráð fyrir að fulltrúi nefndarinnar fundi a.m.k. einu sinni á ári með fulltrúum annarra náttúruverndarnefnda, forstöðumönnum náttúrustofa og Umhverfisstofnunar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Náttúruverndarnefndin hefur, skv. lögum nr. 60/2013, umsagnarhlutverk gagnvart eftirfarandi á starfssvæði sínu:

- tillögu að C-hluta náttúruminjaskrár
- framkvæmda- og byggingarleyfum á svæðum á C-hluta náttúruminjaskrár
- undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar
- afnámi eða breytingu friðlýsingar
- framkvæmdum sem fela í sér röskun friðaðs vistkerfis, friðaðrar vistgerðar eða búsvæðis friðaðrar tegundar
- undanþágu frá ákvæðum auglýsingar um friðun
- röskun vistkerfa og jarðminja sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013
- gerð skipulagsáætlana og frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. 68. gr. laga nr. 60/2013

Náttúruverndarnefndin á rétt á að tilnefna einn fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. Hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni.

Auk lögbundinna verkefna hefur Náttúruverndarnefnd Þingeyinga umsjón með framkvæmd friðlýsingar Vestmannsvatns í Suður-Þingeyjarsýslu skv. auglýsingu nr. 30/1977 í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr. Skipan

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara, kjörnum af fulltrúaráði Héraðsnefndar Þingeyinga bs. skv. tilnefningum aðildarsveitarfélaganna þannig að:

- Norðurþing tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit tilnefna sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara.
- Langanesbyggð og Svalbarðshreppur tilnefna sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara.

Við tilnefningu fulltrúa og varafulltrúa skal þess gætt, svo sem kostur er, að þeir komi úr öllum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins.

Leitast ber við að skipa fulltrúa á grundvelli sérþekkingar á sviði umhverfismála og/eða náttúruverndar. Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. kýs formann og varaformann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir hún sjálf með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórna.

5. gr. Verkstjórn og verkaskipting

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana varðandi stefnumótun og ákvarðanir eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

6. gr. Fundarboðun og fundarsköp

Nefndin heldur að jafnaði fjóra fundi á ári. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum og þá skal funda í nefndinni komi fram ósk tveggja eða fleiri fulltrúar þar um.

Formaður boðar til funda og undirbýr og ákveður dagskrá. Formaður stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem nefndinni hafa borist, enda séu þau á verksviði nefndarinnar. Fundur skulu boðaðir rafrænt með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skulu dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði.

Um fundarsköp fer eftir gildandi fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga, sem gefin er út af ráðuneyti sveitarstjórnarmála, eftir því sem við á.

Nefndin getur boðað til fundar einstaka starfsmenn aðildarsveitarfélaganna sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

7. gr. Fundaskipulag og ritun fundargerða

Fundargerðir skulu skráðar og afrit sent á skrifstofu Héraðsnefndar Þingeyinga bs. Um ritun fundargerða fer eftir gildandi fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga og auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða, hvort tveggja útgefið af ráðuneyti sveitarstjórnarmála. Ritari nefndarinnar skal rita fundargerð.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun nefndarinnar fyrir það ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda vegna gerðar starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar fjárhagsuppgjöra.

8. gr. Fjármál

Náttúruverndarnefnd skal vinna tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun vegna starfa sinna, sbr. 8. gr. stofnsamnings Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem er hluti starfs- og fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins og háðar staðfestingu aðildarsveitarfélaganna sbr. 12. gr stofnsamnings byggðasamlagsins.

9. gr. Sjálfstæði nefndarinnar

Náttúruverndarnefnd er tryggt sjálfstæði í störfum sínum og er sveitarstjórnnum óheimilt að gefa nefndinni fyrirmæli um meðferð einstakra mála.

10. gr. Hæfi, réttindi og skyldur

Um hæfi kjörinna fulltrúa vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og gildandi fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga, sem gefin er út af ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Um réttindi kjörinna fulltrúa, þ.m.t. til þóknunar fyrir störf sín og greiðslu kostnaðar vegna þeirra, og skyldur fer eftir IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 eftir því sem við á.

Þannig samþykkt á fundi fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. 8. nóvember 2017 sbr. 7. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins.

Arnór Benónýsson , formaður fulltrúaráðs